

Pingeyjarsveit
Kjarna
650 Laugum

Reykjavík, 24. febrúar 2026
UOS2508151/A.Ö.H

Efni: Niðurfelling starfsleyfis – Urðunarstaður Kollóttuöldu á Hólasandi

Umhverfisstofnun barst erindi þann 11. janúar 2023 frá Atla Stein Sveinbjörnssyni f.h. sveitarfélagsins Pingeyjarsveitar (áður Skútustaðarhrepps) kt. 550322-1100 þar sem óskað var eftir niðurfellingu starfsleyfis urðunarstaðarins í Kollóttuöldu á Hólasandi.

Þar sem urðunarstaðurinn tók aldrei við úrgang til urðunar á rekstrartíma, er ekki talið að mengunarhætta stafi frá urðunarstaðnum. Því er fallið frá kröfum í starfsleyfi um frágang urðunarstaðarins, í samræmi við 23. gr. reglugerðar nr. 738/2003 um urðun úrgangs og verður ekki gerð krafa um vöktun skv. 24. gr. Þann 10. september 2025 fór fram eftirlit á vegum Umhverfis- og orkustofnunar á urðunarstaðnum. Í eftirlitinu var staðfest að búið var að fjarlægja allan úrgang sem búið var að koma fyrir ólöglega á urðunarstaðnum. Eftirlitsaðili skoðaði vettvang og staðfesti að engin starfsemi var á staðnum, ekki var tilefni til athugasemda og frágangi telst því lokið. Að teknu tilliti til framangreinds veitir Umhverfis- og orkustofnun samþykki fyrir lokun urðunarstaðarins í samræmi við 1. mgr. 61. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Umhverfis- og orkustofnun hefur tekið ákvörðun um að fella niður starfsleyfi urðunarstaðar Pingeyjarsveitar og mun auglýsa niðurfellinguna opinberlega á vefsíðu sinni.

Ákvörðun Umhverfis- og orkustofnunar um samþykki lokunar og niðurfellingu starfsleyfis er kæránleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála innan eins mánaðar frá birtingu ákvörðunar, skv. 65. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. 4. gr. laga nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

Virðingarfyllst,

Arnar Össur Harðarson

sérfræðingur

Sverrir Aðalsteinn Jónsson

teymisstjóri